



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

8. fundur stjórnar 2025-2026 miðvikudaginn 7. janúar 2026

kl. 12.30 - 14.30 á Teams

Mætt á Teams: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jöhönnu Brynjarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Rannveig Björk Þorkelsdóttir, Zophonías Oddur Jónsson og Þröstur Olaf Sigurjónsson.

Forföll: Kári Kristinsson.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 7. stjórnarfundar frá 25. nóvember lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)
2. Þóknun til fulltrúa FPR í nefndum og ráðum.
3. Skipting rekstrarkostnaðar FPR og SP.
4. Málþing með Vísindafélagi Íslands.
5. Næsti fundur.
6. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.32.

1. Fundargerð 7. stjórnarfundar frá 25. nóvember lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

2. Þóknun til fulltrúa FPR í nefndum og ráðum.

Farið var yfir þær reglur sem gilda um málið frá ýmsum hliðum. Málið verður tekið aftur til umræðu á næsta fundi.

3. Skipting rekstrarkostnaðar FPR og SP.

Framkvæmastjóri fór yfir stöðu mála. Í samþykktum SP kemur fram í 5. grein um fjármál og tekjur að kostnaður vegna reksturs sjóðsins greiðist af tekjum hans. Árið 2023 og 2024 greiddi SP 15% af launum framkvæmdastjóra FPR ásamt launatengdum gjöldum og 25% af öðrum sameiginlegum rekstrarkostnaði skrifstofunnar eins og fram kemur í fundargerðum stjórnar frá 18. ágúst og 15. september 2023. Breytingarnar voru gerðar þar sem umsóknum hafði fjölgað.

Styrkumsóknum hefur fjölgað enn frekar undanfarin ár. Árið 2025 voru 285 umsóknir samþykktar og hafa þær aldrei verið fleiri. Árið 2024 voru þær 262, árið 2023 voru þær 242 og árið 2022 voru þær 186. Þessu til viðbótar eru umsóknir sem er annað hvort synjað eða frestað þar sem gögn vantar.

Í ljósi framangreinds voru lagðar til breytingar á kostnaðarhlutdeild SP þannig að frá og með 1. janúar 2025 greiði sjóðurinn 30% af launum framkvæmdastjóra og sama hlutfall af öðrum sameiginlegum rekstrarkostnaði skrifstofunnar. Hlutfallið verði endurskoðað ef forsendur breytast.

Samþykkt var að leggja fram ofangreinda tillögu fyrir stjórn sjóðsins.

Eyja kom kl. 13.08.

4. Málþing með Vísindafélagi Íslands.

Formaður greindi frá áhuga Vísindafélags Íslands á að halda málþing í samstarfi við félagið, með hliðsjón af málþinginu sem félögin stóðu fyrir 29. apríl 2025. Stjórn tók vel í erindið. Nokkrar hugmyndir komu fram um efni málþings. Sigrún og Eyja tóku að sér að vera í sambandi við formann Vísindafélagsins vegna málsins.

5. Næsti fundur.

Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 21. janúar kl. 12-14. Eftir það verða fundir haldnir á tveggja vikna fresti. Annar hver fundur verður á Teams, en fyrsti fundurinn verður staðfundur. Ef engin brýn mál liggja fyrir verður fundi aflýst.

6. Önnur mál.

a) Vinnustofa kjaranefndar BHM.

Vinnustofan verður haldin 12. janúar kl. 15-18. Yfirskrift hennar er „Vinnustofa um kjaralotu - hvað ætlum við að gera næst?“ Sigrún mætir á fundinn fyrir hönd félagsins.

b) Morgunfundir með félagsfólki.

Sigrún hefur hug á að bjóða upp á **morgunfundi með félagsfólki** á yfirstandandi misseri. Byrjað verði á fundi hjá HÍ. Framkvæmdastjóri athugar fundartíma og fundarstað í samráði við Sigrúnu. Síðar verður boðið upp á fundi hjá hinum háskólunum.

Það voru ekki fleiri önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.40.

Fundarritari: LP.